

Sæl verið þið öll,

Ég hef í langan tíma með snörpum törnum hamrað á umgengni á Gaukshöfðanum, sem hefur frá árinu 2006 verið útsýnisstaður auglýstur með skilti við veginn fyrir neðan Höfðann og reiðgötu yfir á gamla vegslóðanum.

Nú er tímabært að ræða við ykkur um Gaukshöfðann sem er í landi Haga, þessi fallegi staður er að verða „opinbert“ haughús ferðamanna, útsparkað svæði upp á topp Höfðans bæði eftir akandi og gangandi vegfarendur. Næturstaður ferðamanna sem gista í bílum sínum uppi á Höfðanum. Þarna er ekkert nema bekkur og einu sinni var stubbabox sem Vegagerðin setti upp samhliða bekknum við lagningu vegarins nýja, en stubbaboxið er löngu horfið.

Mig langar til að loka fyrir akandi farþega alfarið bara með einu hlassi – henda útsýnisskiltinu út í Þjórsá – græða upp Höfðann - búið og bless - en þetta er ekki alveg svo auðvelt. Við eigum Gaukshöfðann – og okkur sviður sárin þar og umgengnin en getum lítið gert.

Það eru ekki ríðandi umferð sem veldur hugarangri – þeir fara beint yfir og stoppa í nær öllum tilfellum annarsstaðar.

Heldur eru það bílar – húsbílar, rútur, fjórhjóra og tvíhjóra ökutæki sem tæta um og upp Höfðann sjálfann svo stórsér á.

Þá er gönguslóðin orðinn niðurgraffinn af vatni og breikkar því svæðið sem gegnið er á upp á Höfðann sjálfann

ásamt tætingi ökutækjanna við áður grasi gróna hlíðina fyrir ofan bílastæðin sem svo má kalla þarna fyrir neðan.

Á sínum tíma þegar vegur fór niður fyrir Gaukshöfðann og reiðleiðinni var haldið yfir Höfðann voru uppi háleit markmið um bílastæði, hestagerði, og göngustíg upp á Höfðann.

Sumar hugmyndir góðar aðrar verri.

Kristófer var í sambandi við mig 2017 fyrripart árs um ýmsar hugmyndir um Gaukshöfðann, samhliða öðrum hugmyndum sem voru tengdar Þjórsárdalnum tengdar ferðamanninum.

Ég hef talað við vegagerðina fyrir daufum eyrum um úrbætur, lokun, takmörkun umferðar en allt án árangurs.

Á fundinum nú í vor í Árnesi talaði ég aftur við Svan og viðraði hugmyndir mínar enn einu sinni ( eftir fund ), hann benti mér á að fá Sveitarfélagið í lið með mér og nú biðla ég til ykkar.

Svanur vill fá hugmyndir að framkvæmd og við getum í sameiningu komið með þær, en ég get ekki bakkað til ársins 2006 og tekið Gaukshöfðann aftur.

Við erum tilbúin að koma til ykkar og við getum kastað á milli hugmyndum en svona getur þetta ekki verið áfram.

Með vinsemd og virðingu

Sigrún Guðlaugsdóttir

8691183